

## Úttektaáætlun 2024

Úttektaáætlun 2024 byggir á Landsbundinni úttektaráætlun til margra ára (LÚMA 2024-2028) sem samþykkt var af úttektastjórn í byrjun árs 2024. Við gerð áætlunarinnar var horft til niðurstaðna áhættumats á eftirliti MAST sem og úttektaáætlunar ESA fyrir Ísland 2024.

Áætlun ársins gerir ráð fyrir þremur úttektum og útfærir nánar umfang þeirra og skipulag. Gert er ráð fyrir að úttektirnar feli í sér heimsóknir til eftirlitsþega (ef við á), en það bíður úttektarmanna einstakra úttekta að útfæra það endanlega.

**Úttekt 2024-01****Eftirlit með áburði**

Úttektarþegi:

Matvælastofnun – Samhæfing.

Úttektamarkmið:

Að skera úr um hvort eftirlit með áburði, skipulag og eftirfylgni þess sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.

Umfang úttektar:

Eftirlit með áburði samkvæmt lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð EB/2019/1009.

**Úttekt 2024-02****Eftirlit með velferð loðdýra**

Úttektarþegi:

Matvælastofnun – Samhæfing og vettvangseftirlit.

Úttektamarkmið:

Að skera úr um hvort eftirlit með loðdýrum, skipulag þess og eftirfylgni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.

Umfang úttektar:

Eftirlit með loðdýrum samkvæmt lögum nr. 55/2013 um eftirlit með velferð dýra og reglugerðum nr. 1277/2014 um velferð minka og nr. 234/2020 um opinbert eftirlit (EB/2017/625).

Úttektin nær til samhæfingar og vettvangseftirlits (umdæma þar sem loðdýrabú er að finna).

**Úttekt 2024-03****Eftirlit með skráningu dýralyfjanotkunar**

Úttektarþegi:

Matvælastofnun – Samhæfing, vettvangseftirlit og yfirdýralæknir.

Úttektamarkmið:

Að skera úr um hvort eftirlit með skráningu lyfjanotkunar, skipulag þess og eftirfylgni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.

Umfang úttektar:

Eftirlit með skráningu lyfjanotkunar samkvæmt lögum nr. 14/2022 um dýralyf, lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og reglugerðum nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum, nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á sjúkdómum og lyfjameðhöndlun, nr. 30/2012 um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra og nr. 740/2020 um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja og nr. 234/2020 um opinbert eftirlit (EB/2017/625).

## Úttektaaðili

Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.


Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektarþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt.

Úttektarmenn hafa frjálssar hendur og sveigjanleika varðandi frekari skilgreiningu á bæði umfangi úttektar og þeim viðmiðum sem lögð verða til grundvallar. Ofangreind lýsing og upptalning á löggjöf er því eingöngu til viðmiðunar.

Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ÍST EN ISO 19011:2018 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í leiðbeinandi skjali EB 2021/C 66/02 um undirbúning, framkvæmd og meginþætti innri úttekta.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Áætlaður tímarammi úttekta (ekki bindandi).

Matvælastofnun  
Innri úttektaáætlun 2024

Úttekt	Úttektaþegar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember
2024-01	Matvælastofnun			Opnunarfundur: 10. apríl							
Áburður				Vettvangsúttekt							
				Lokafundur: 13. apríl							
2024-02	Matvælastofnun								Opnunar- fundur: 17. september		
Loödyr									Vettvangs- úttekt		
									Lokafundur: 20. september		
2024-03	Matvælastofnun										Opnunar- fundur: 20. nóvember
Skráning dýralyfja- notkunar											Vettvangs- úttekt
											Lokafundur: 22. nóvember

Tímasetningar úttekta gætu breyst og verða ákveðnar endanlega í samráði við úttektaþega.

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar 20. desember 2023,

  
Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri